

# Eystrahorn

17. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 5. maí 2022

www.eystrahorn.is

## Vínartónleikar og skólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands 2022

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands fagnar sumri með Vínartónleikum á Kirkjubæjarklaustri og Höfn og skólatónleikum fyrir nemendur í fjórum grunnskólum; Víkurskóla, Kirkjubæjarskóla, Grunnskólanum Hofgarði og Grunnskóla Hornafjarðar.

Fyrri Vínartónleikarnir verða 7. maí á Klaustri og þeir seinni í Menningarmiðstöð Hornafjarðar sunnudaginn 8. maí. Á efnisskrá tónleikanna verða Straussvalsar og Kampavinsgalopp svo eitthvað sé nefnt og einsöngvari með hljómsveitinni verður Sigrún Hjálmtýsdóttir.

Mánudaginn 9. maí mun svo hljómsveitin halda skólatónleika fyrir nemendur grunnskólanna. Aðalefni þeirra tónleika er tónverkið Lykillinn eftir þá Tryggva M. Baldvinsson og Sveinbjörn I. Baldvinsson sem er eins konar „Pétur og úlfurinn“ úr íslenskum sagnaveruleika. Sögumaður er Stefán Sturla Sigurjónsson leikari. Skólatónleikunum líkur með því að nemendur syngja Á Sprengisandi með hljómsveitinni, öll þrjú erindin enda búnir að æfa vel með tónmenntakennurum sínum áður en þeir mæta á tónleikana.



Sigrún Hjálmtýsdóttir mun syngja með Sinfóníuhljómsveit Suðurlands Greta Guðnadóttir er konsertmeistari Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands og hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.

## Varptími fugla er hafinn!

Í sveitarfélaginu njótum við þeirra forréttinda að búa í nágrenni við miklar náttúruperlur þar sem fjölbreytt dýralíf þrífst. Á þessum tíma árs, þegar varptíminn er genginn í garð, eru fuglar sérstaklega útsettir fyrir árásum rándýra. Kettir eru öflug og afkastamikil rándýr sem geta hoggð stór skörð í fuglastofna sem verpa í nágrenni við mannabústaði. Flestir kettir sveitarfélagsins búa á Höfn og er þéttbýlið umkringgt svæðum sem eru fuglalífi mikilvæg.

Skv. 10. mgr. 8. gr. samþykktar sveitarfélagsins um kattahald... ber kattaeigendum og umráðamönnum að taka tillit til fuglalífs á varptíma, eftir því sem tók eru á, m.a. með því að hengja bjöllur á hálsólar katta og halda þeim innandyra á nóttunni.

Kettir eru eins misjafnir og þeir eru margir og sumir afkastameiri veiðiklær en aðrir. Það er ekki alltaf augljóst hvaða kettir eru duglegir við veiðar og ekki við þá að sakast að fylgja sínum eðlishvötum. Það er hins vegar kattaeigenda að sýna samfélagslega ábyrgð með að halda köttum sínum sem mest inni yfir

varptímann.

Bjöllur og kragar hafa ágætis

fælingarmátt

en kettir með

marglitan kraga

drepa allt að 19

sinnnum færri

fugla en kettir

sem eru ekki með

kraga. Það hjálpar

ófleygum ungum

þó takmarkað að

sjá eða heyrja í

dauðanum koma

og því er lang best

að halda köttum

innandyra yfir

varptímann. Ef ekki er unnt að halda

þeim alfarið innandyra þá er best að

miða við frá kl. 17 til kl. 9 næsta morgun.

Þá vil ég einnig benda á að skv. 9. mgr.

8. gr. sömu samþykktar ber eiganda eða

umráðamanni kattar að leita leiða til að

koma í veg fyrir að dýrið valdi nágrönnum

eða öðrum ítrekuðu ónæði, óþrifum eða

tjóni. Dæmi um slíkt ónæði er þegar



köttur drepur fugl í garði einhvers sem nýtur þess að hafa fugla í garðinum.

Ég vil því hvetja kattaeigendur til að sýna tillitssemi, gerast ábyrga gæludýraeigendur og leggja sig fram við að lágmarka þann skaða sem hlýst af lausagöngu katta í þéttbýli.

Verkefnastjóri umhverfismála

## Auglýst er eftir umsóknum um atvinnutengda starfsemi í Vatnajökulsþjóðgarði: Rekstur veitingavagna við Jökulsárlón

Vatnajökulsþjóðgarður auglýsir samkvæmt 35. og 36. gr. reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 300/2022, sbr. lög nr. 100/2021 um nýtingu í landi í eigu ríkisins, eftir umsóknum frá rekstraraðilum sem óska eftir að starfrækja veitingavagna við Jökulsárlón tímabilið 1. júní 2022 – 30. maí 2024. Tilboðsfrestur er til kl. 12:00 mánudaginn 17. maí 2022. Tilboðum verður tekið í samræmi við hæsta verð gildra tilboða. Tilboðsverð skulu ekki innifela virðisaukaskatt. Vatnajökulsþjóðgarður ráðgerir að gera samninga við þrjá aðila.

Nánar á vef þjóðgarðsins eða á [info@vjp.is](mailto:info@vjp.is)



## Á döfinni hjá Framsókn xB

Kosningaskrifstofan í Viðreisn, Víkurbraut opin alla virka daga kl. 17:00 - 19:00 frá 4. maí fram að kosningum

6. maí - Barsvar á Hafinu frá kl. 21:00

10. maí - English speaking election meeting at 19:30 in Viðreisn, Víkurbraut

11. maí - Konukvöld í Slysavarnarhúsinu kl. 20:30

14. maí - Kjördagur: Kaffi á könnunni í Slysavarnarhúsinu frá kl. 11:00 - kaffi og kökur frá kl. 14:00

### Kosningavaka á Hafinu



## Eystrahorn

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933  
Útgefandi:..... HLS ehf.  
Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: ..... [tjorvi@eystrahorn.is](mailto:tjorvi@eystrahorn.is)  
Prófarkalestur:..... Guðlaug Hestnes  
Umbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á [eystrahorn@eystrahorn.is](mailto:eystrahorn@eystrahorn.is)

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA

### SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

Fulltrúar frá öllum framboðum í sveitarfélaginu koma í heimsókn í Ekru föstudaginn 6. maí kl. 17:00, kynna stefnu sína og svara spurningum. Fjölmennum, nú er tækifærið.

### TÓNLEIKAR (BALL) OG VÖFFLUSALA

Í Ekru sunnudaginn 8. maí kl. 14:00.

**Ath: Þetta er lokaball vetrarins** svo nú skulum við skemmta okkur vel.



## Umsóknir - Styrkir

Ungmennasambandið Úlfliótur auglýsir eftir umsóknum í styrktar- og afrekssjóð USÚ.

Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi **mánudaginn 6. júní.**

Upplýsingar um hvað á að koma fram í umsókninni og allar nánari upplýsingar eru á [www.usu.is](http://www.usu.is).



## Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn  
16., 17. og 18. maí.

Tímamantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 13. maí. Næsta skoðun 20., 21. og 22. júní.

## Frumherji

Þegar vel er skoðað

## KEX VIÐBURÐIR

Það er nóg að gera hjá Kex framboðinu næstu daga!

7. maí - Pylsupartý Sindrabæ\* | 12:00-15:00

8. maí - Kosningaskrifstofa Kex | 14:00-16:00

11. maí - Kosningaskrifstofa Kex | 16:00-18:00

12. maí - Pubquiz á Hafinu | 21:00 (eftir Eurovision)

📍 Kosningaskrifstofa Kex - Úps, Hafnarbraut 34.

Hlökkum til að sjá ykkur!

\*Pop up leikvöllur og allskonar skemmtilegt í boði fyrir börnin í Sindrabæ!





# Gjaldfrjálsar náms- og vettvangsferðir grunnskólabarna

Það er nokkuð augljóst að við búum í fallegustu sýslu landsins með sjálfan Vatnajökulsþjóðgarð í næsta nágrenni. Náttúrufegurðin umlykur okkur og stutt að fara til að njóta.

Nemendur Grunnskóla Hornafjarðar fá svo sannarlega að upplifa þetta enda farið í náms- og vettvangsferðir með hvern árgang á mismunandi slóðir og verða ferðirnar umfangsmeiri eftir því sem nemendur verða eldri.

Ég hef alltaf verið hrifin af því hjá grunnskólanum hvað hann nýtir náttúruþerur svæðisins vel til að kynna fyrir krökkunum og flétta það inn í námsefnið. Hvort sem það er að fara í berjamó, fjallgöngur, dagsferð út í Ingólfshöfða eða í Lónsöræfi. Þarna skapast minningar, þetta er góð útvera og börnin læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu.

Eitt af meginmarkmiðum í umhverfis- og loftslagsstefnu sveitarfélagsins er einmitt umhverfisfræðsla. Leiðir að því

markmiði eru einmitt að börnin þekki umhverfi sitt og fræðist. Hvar er betra að fræðsla um umhverfis- og loftslagsmál fari fram en úti í náttúrunni?

Á fyrri kjörtímabilum hefur Framsókn lagt fram tillögur sem voru samþykktar sem snúa að velferð og hagsmunum barna í sveitarfélaginu þegar kemur að hækkun tómsundastyrks, frítt í sund fyrir börn að 18 ára aldri og að fella niður gjaldtöku á ávaxtabita í grunnskólanum. Nú viljum við ganga lengra og vinna að því að náms- og vettvangsferðir nemenda verði gjaldfrjálsar. En nemendur greiða nú upphald í þessum ferðum sem er skilgreint sem fæði og gisting. Við vitum að tómsundir eru góð forvörn en það er líka góð ganga úti í náttúrunni með bekkjarfélagunum.

*Guðrún Sigfinnsdóttir, móttökuritari,  
9. sæti á lista Framsóknar og  
stuðningsmanna.*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



HEILSUEFLANDI SAMFELAG  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar  
væðing fyrir alla

## Innskráning nýnema í Grunnskóla Hornafjarðar

Innritun barna sem fædd eru árið 2016 og eiga að hefja skólagöngu haustið 2022 fer fram í Grunnskóla Hornafjarðar 5.-13. maí 2022. Foreldrar eru beðnir um að skila tveimur innritunarblöðum útfylltum í skólann en þau eru inn á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/skolinn/eydublod/>. Æskilegt er að senda innritunarblöðin í tölvupósti á [elvao@hornafjordur.is](mailto:elvao@hornafjordur.is) en það má líka koma með þau í Hafnarskóla.

Verðandi nemendur í 1. bekk og foreldrar þeirra fá bréf í sumar með upplýsingum um skólastarfið en skóli verður settur 22. og 23. ágúst..



Skólastjóri Grunnskóla  
Hornafjarðar



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Leikfélag Hornafjarðar í samstarfi við Smáleikhúsið verða með í sumar leiklistarnámskeið fyrir 9 - 12 ára og 13 -15 ára.

Á þessum skemmtilegu námskeiðum verður farið í undirstöðuatriði leiklistar með leikgleði að leiðarljósi og endar námskeiðið á leiksýningu fyrir fjölskyldu og vini. Áhersla er lögð á að krakkarnir fái frelsi til að vera skapandi og njóta sín í skapandi umhverfi.

Yngri hópurinn lærir leikrit sem flestir ættu að þekkja en eldri hópurinn skapar saman verk sem leyfir þeirra röddum og reynslu að vera í forgrunni.

**9 - 12 ára 15.000 Kr (30 klst námskeið)**

**13 - 15 ára 25.000 (60 klst námskeið)**

**Kennt er 30. maí - 24. júní**

Einnig er kannaður áhugið á Götuleikhús-námskeiði fyrir krakka á aldrinum 16 - 20 ára með stefnu á að endurvekja þann lið á humarhátíð.

**Skráning fer fram á  
[smaleikhusid@gmail.com](mailto:smaleikhusid@gmail.com)**



## Aðalfundur Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu ( FASK )

Aðalfundur FASK verður haldinn fimmtudaginn 19. maí 2022 kl. 20:00, fundurinn er haldinn í Golfskála Hornafjarðar. Fundurinn er opin öllum íbúum á félagssvæði FASK. Atkvæðisrétt á aðalfundi eiga allir skuldlausir skráðir félagar eða fulltrúar þeirra.



Allir sem áhuga hafa á að sækja aðalfund FASK eru beðnir um að senda tölvupóst á netfangið [faskstjorn@gmail.com](mailto:faskstjorn@gmail.com) og fá þannig send fundargögn.

### Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá
2. Ákvörðun um árgjald
3. Ársreikningur
4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.
5. Lagabreytingar
6. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda
7. Önnur mál.

A.m.k viku fyrir aðalfund verður skýrsla stjórnar ásamt tillögum stjórnar um lagabreytingar aðgengileg á heimasíðu FASK <https://ferdaskaft.is/frettir/>. Hafi aðilar spurningar fyrir fundinn eru þeir vinsamlega beðnir um að senda fyrirspurnir inn til stjórnar viku fyrir aðalfund, hægt er að senda fyrirspurnir á netfangið [faskstjorn@gmail.com](mailto:faskstjorn@gmail.com).

F.h stjórnar FASK  
Haukur Ingi Einarsson

## Ungmennafélagið Vísir endurvakið

Fyrsti aðalfundur Ungmennafélagsins Vísir síðan um aldamót var haldinn þann 15. apríl síðastliðin á Hrollaugsstöðum. Fulltrúar USÚ sátu fundinn ásamt 16 félagsmönnum og var skipuð 6 manna stjórn. Bjarni Malmquist Jónsson, formaður. Atli Már Björnsson, ritari. Selma Björt, gjaldkeri. Ingi Þorsteinsson, varaformaður. Bjarni Haukur Bjarnason og Aðalbjörg Bjarnadóttir eru meðstjórnendur.



Mynd frá "Endurstofnfundinum"

Félagið var stofnað 8. apríl árið 1912 og er því 110 ára í ár. Stefnt er að því að halda frjálslíþróttamót fyrir unga sem aldna í sumar á Hrollaugsstöðum, ekki er búið að ákveða tímasetningu. Stjórn Ungmennafélagsins Vísir auglýsir nú að tillögum að merki fyrir félagið. Allar tillögur þurfa að berast sem fyrst og í síðasta lagi fyrir sauðburðarlok. Hafið samband við einhvern af stjórnarmönnum um að koma tillögum til skila. Að lokum viljum við minna á að spilaður er fótbolti öll sunnudagskvöld kl. 21:00 á Hrollaugsstöðum og er öllum frjálst að mæta.

fyrir hönd Umf. Vísir  
Bjarni Malmquist Jónsson

## Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

### Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00 - 15:00 og sjá sérstökum kjörstjórum á áður auglýstum opnunartíma.

**Síðustu daga fyrir kosningar verður opnunartími lengdur á skrifstofum embættisins sem hér segir:**

#### Selfoss, Hörðuvellir 1:

- 3. – 6. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Laugardagurinn 7. maí kl. 10:00 - 12:00.
- 9. – 11. maí kl. 09:00 - 16:00.
- 12. – 13. maí 09:00 – 18:00.
- Kjördagur, 14. maí opið kl. 10:00 – 12:00.  
Vaktsími 458 2840 opinn 12:00 – 17:00.

#### Vík í Mýrdal, Ránarbraut 1:

- 9. – 13. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí,  
vaktsími 458 2850 opinn milli kl. 10:00 - 17:00.

#### Hvolsvöllur, Austurvegur 6:

- 9. – 11. maí kl. 09:00 - 16:00.
- 12. -13. maí kl. 09:00 - 18:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí,  
vaktsími 458 2820 opinn milli kl. 10:00 – 17:00.

#### Höfn í Hornafirði, Hafnarbraut 36

- 9. – 13. maí kl. 09:00 - 16:00.
- Kjördagur, laugardagurinn 14. maí,  
vaktsími 862 7095, opinn milli kl. 10:00 – 17:00.

**Kjösendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).**

### Kjósandi ber ábyrgð á atkvæði

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um kosningar nr. 112/2021. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt póstburðargjald undir sendinguna. Athygli kjósenda er vakin á því að frá og með 1. maí 2022 mun Pósturinn dreifa bréfum tvisvar í viku um allt land.

### Kosning á sjúkrastofnunum

Sjá auglýsingu á [www.syslumenn.is](http://www.syslumenn.is)

Ýmsar upplýsingar og eyðublöð vegna komandi kosninga má fá á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is)

**Kjösendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki.**

### Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 12. maí n.k. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is) og skal sent á netfangið [sudurland@syslumenn.is](mailto:sudurland@syslumenn.is) eða afhent á skrifstofu.



Sýslumaðurinn á Suðurlandi

# Sveitarfélagið Hornafjörður eftir 100 ár

Innlásið út frá spurningu  
Heiðars Sigurðssonar inn á  
umræðuhóp á Facebook.

Pegar ég settist niður til að hugsa út í spurninguna „Hvernig sjáum við Sveitarfélagið Hornafjörð fyrir okkur eftir 100 ár“, þá var nokkuð ljóst að svarið gæti orðið langt. 30 sekúndur til að svara stórrí og mikilvægri spurningu líkt og þessari var einfaldlega ekki nóg! Það er mikilvægt að velta þessu fyrir sér og horfa á stóru myndina, ekki einungis til næstu 4 ára.


Það má gera ráð fyrir því að næstu 50 árin í umhverfis- og loftslagsmálum muni eiga stóran þátt í því að móta framtíðina. Hér í Sveitarfélaginu Hornafirði þurfum við að vera undirbúin undir það að umhverfið hér gæti orðið gjörbreytt frá því sem við þekkjum í dag. Ef ekki tekst að draga úr þeirri þróun sem nú á sér stað í loftslagsbreytingum munu jöklarnir væntanlega minnka til muna og land rísa. Þessi þróun getur haft veruleg áhrif á innsiglingu báta og skípa á Höfn. Höfn í Hornafirði

er sjávarpláss þar sem útgerð er og hefur ávallt verið ein af forsendum fyrir blómlegu lífi í bænum. Við viljum tryggja að svo verði áfram. Rafvæðing hafnarinnar er eitt af lykilatriðum þess að sveitarfélagið geti dregið úr kolefnislosun sinni og mætt þeim markmiðum sem Ísland hefur sett sér.

Ferðaþjónustan byggist á náttúruperlum og þarf stöðugt að aðlagast breyttum aðstæðum, jöklar og íshellar hafa gífurlegt aðdráttarafl en þeir eru eins og við vitum breytilegir, ár frá ári. Það er mikilvægt að við gerum allt í okkar valdi til þess að sporna við enn frekari afleiðingum af loftslagsbreytingum, afleiðingar sem vaxa ef ekki er gripið inn í. Við þurfum því að geta brugðist skjótt við og unnið í sameiningu eins og ég veit að við getum.

Ég vil líta með jákvæðum augum á framtíðina hér í sveitarfélaginu. Hér verður áfram blómlegt samfélag með fjölbreyttri atvinnustarfsemi tengdri ferðaþjónustu, sjávarútvegi, landbúnaði, fjallamennsku

og gróskumiklu skólafarfi ásamt öflugum nýsköpunarstarfi. Undanfarin ár hafa Örafín og Suðursveit laðað að sér ungt fólk sem stundar klifur og útivist. Sumir úr þeim hópi hafi síðan flutt í þéttbýlin á Höfn og í Nesjum til að vera nær fjölbreyttri grunnþjónustu. Grunnþjónusta er ein af forsendum þess að fólk velur að slá sér niður á ákveðnum stöðum. Ef við viljum að fólk haldi áfram að velja sér búsetu um allt sveitarfélagið þarf grunnþjónustan að taka mið af því. Uppbygging innviða sveitarfélagsins á að taka mið af þörfum samfélagsins í heild. Það er raunhæft markmið að í sveitarfélaginu muni búa 5000 manns eftir 100 ár, en þá þarf að huga að því að allir innviðir stækki í takt við íbúaþróun. Ef framþróun og velsæld heldur áfram mun fólk lifa lengur með bættri heilsu. Tryggja þarf að þjónusta og innviðir sem styðja við eldri íbúahóp sveitarfélagsins séu til staðar. Nægt hjúkrunarrými þarf að vera til staðar sem og fjölbreytt



þjónusta við þá aðila sem enn geta og vilja búa í eigin húsnæði. Ég óska eftir umboði þínu kærri kjósandi til þess að vinna að þessum málum. Því hvet ég þig til þess að setja X við K 14. Maí.

Guðrún Stefánía Vopnfjörð  
Ingólfsdóttir  
Höfundur skípar 2. sæti á K –  
lista Kex framboðs  
www.xkex.is

## Auglýsing vegna utankjörfundaratkvæðagreiðslu fyrir sveitarstjórnarkosningar 14. maí 2022

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla á kjörstöðum í samstarfi við sveitarfélög o.fl.

Frá og með 2. maí verður hægt að greiða atkvæði á eftirtöldum stöðum:

- Á skrifstofu Sveitarfélagsins Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn. Opíð kl. 13:00-16:00 alla virka daga.
- Á skrifstofu Hveragerðisbæjar við Breiðumörk 20, Hveragerði. Opíð mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00–15:00, föstudaga kl. 9:00–12:00.
- Á skrifstofu Rangárþings ytra, Suðurlandsvegi 1, Hellu. Opíð mánudaga til fimmtudaga kl. 09:00-15:00, föstudaga kl. 09:00-13:00.
- Á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 4, Kirkjubæjarklaustri. Opíð mánudaga til fimmtudaga kl. 10:00-14:00, föstudaga kl. 10:00- 13:00.
- Á heimili Pálinu Þorsteinsdóttur að Svínafelli 1 (Suðurbæ), í Örafum. Opnunartími eftir samkomulagi. Sími 478 1760 og 894 1765.

**Kjósendur skulu hafa meðferðis gild persónuskilríki (ökuskírteini, vegabréf eða nafnskírteini).**

**Kjósandi ber ábyrgð á atkvæði**

Vakin er athygli á því að kjósandi ber sjálfur ábyrgð á að koma atkvæði til skila og ber af því kostnað, kjósi hann utan kjörfundar hjá kjörstjóra utan sinnar kjördeildar sbr. 2. mgr. 76. gr. laga um kosningar nr. 112/2021. Kjörstjóra er þó skylt, ef kjósandi óskar þess, að koma bréfinu í póst og greiða almennt póstburðargjald undir sendinguna. Athygli kjósenda er vakin á því að frá og með 1. maí 2022 mun Pósturinn dreifa bréfum tvisvar í viku um allt land.

**Atkvæðagreiðsla á skrifstofum sýslumanns**

Hægt er að greiða atkvæði utan kjörfundar hjá embætti sýslumannsins á Suðurlandi á opnunartíma sýsluskrifstofa, kl. 09:00-15:00. Lengdur opnunartími á skrifstofum embættisins verður auglýstur sérstaklega.

**Utankjörfundaratkvæðagreiðsla í heimahúsi**

Þeir sem eiga ekki heimangengt að greiða atkvæði á kjörstað á kjördag vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, skulu skila beiðni um að fá að greiða atkvæði í heimahúsi til embættisins, fyrir kl. 10:00, fimmtudaginn 12. maí n.k. Umsóknareyðublað er hægt að fá hjá embættinu og á vefsíðunni [www.kosning.is](http://www.kosning.is) Unnt er að senda umsókn á netfangið [sudurland@sylsumenn.is](mailto:sudurland@sylsumenn.is).

Sýslumaðurinn á Suðurlandi





# Samgöngur í Sveitarfélaginu Hornafirði, fyrir alla

Ein af grunnforsendum þess að sveitarfélagið geti stækkað og dafnað eru öruggar og góðar samgöngur. Ný veglína í Örafum kemur til með að taka af hættulegar einbreiðar brýr og óveðurskafla sem oft valda hættu. Ný veglína kemur til með að stytta þjóðveg 1 verulega. Ágangur sjávar við Jökulsárlón veldur mér áhyggjum. Þar hafamenn sofíð á verðinum. Þar þarf að verja land og mannvirki gegn ágangi sjávar. Vegna ágangs sjávar og sandfoks sem veldur stór tjóni við Jökulsárlón hefur itrekað komið til ótímabærrar lokunar á þjóðvegi 1. Nú þegar hefur þurft að flytja raflinur og þjóðveg 1 vegna landrofs. Þá þarf að komast á framkvæmdar áætlun ný tvíbreið brú yfir Kolgrímu. Ný veglína í Lóni þarf einnig að koma til framkvæmdar. Lónsheiðargöngum eigum við að taka fagnandi og styðja við bakið á þeirri framkvæmd. Núverandi þjóðvegur í þéttbýli liggur við grunnskólabyggingar og íþróttamannvirki. Þar fer um öll þungaumferð frá hafnarsvæði og iðnaðarsvæði sveitarfélagsins. Því þurfum við að ákveða

hvar við viljum leggja þjóðveginn í þéttbýli. Flugvöll sveitarfélagsins þurfum við að standa vörð um svo að hann verði ekki lagður af. Hann er okkar öryggistæki og samgöngutæki. Hafnarmannvirkjum sveitarfélagsins þarf að halda við og klára kanta og gera höfnina öruggari og fallelgri ásýndar með grjóthleðslum, stálþilum o.fl. Innsiglingin þarf að vera fær sjófarendum öllum. Grynnslin þarf að dýpka og halda efni þar frá. Rannsaka þarf efnisburð svo hægt sé að bregðast við til framtíðar.

Skipulagsvinna má ekki standa í vegi fyrir því að þetta allt sem hér er ofan talið komist til framkvæmda.

Ég hlakka til að taka þátt í því að koma þessum verkefnum í framkvæmd með ykkar stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn á kjördag 14. maí 2022, X-D!



Skúli Ingólfsson, verkstjóri.

3. sæti Sjálfstæðisflokksins, Sveitarfélagið Hornafirður fyrir alla.

## Heiðranir á 89. ársþingi USÚ

Á 89. ársþingi USÚ, sem fram fór í golfskalanum á Höfn, 7. apríl s.l. var íþróttamaður USÚ fyrir árið 2021 heiðraður. Einnig fengu sex ungrir iðkendur hvatningarverðlaun.

Eftirtaldir hlutu hvatningarverðlaun USÚ fyrir árið 2021:

**Anna Lára Grétarsdóttir** er á 17. ári og kemur úr Knattspyrnudeild Sindra. Hún hefur vaxið mikið sem leikmaður og er orðin lykilleikmaður meistaraflokks kvenna þrátt fyrir ungan aldur. Anna Lára æfir af miklum metnaði og hefur hugarfar atvinnuþróttamans. Hún er alltaf jákvæð og er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur.

**Birgir Leo Halldórsson** er á 16. ári og kemur úr Körufuknattleiksdeild Sindra þar sem hann æfir af kappi. Ásamt því að spila með 10. flokki er hann að klára sitt fyrsta ár með meistaraflokki karla og hefur staðið sig gríðarlega vel. Hann mætir vel á æfingar, er deildinni til sóma og er fyrirmynd fyrir yngri iðkendur. Hann var valinn í æfingahóp fyrir U-16 og bíður nú eftir að fá að vita hvort að hann komist í gegnum síðasta niðurskurðinn fyrir landsliðshópinn.

**Erlendur Björgvinsson** er á 16. ári og kemur úr Körufuknattleiksdeild Sindra þar sem hann leggur mikinn metnað í þjálfun sína. Hann hefur æft með meistaraflokki karla síðastliðin 3 ár og ásamt því spilar hann með 10. flokki og fer vaxandi með

hverju árinu. Erlendur mætir vel á æfingar, er deildinni til sóma og er fyrirmynd fyrir yngri iðkendur. Hann var valinn í æfingahóp fyrir U-16 og bíður nú eftir að fá að vita hvort að hann komist í gegnum síðasta niðurskurðinn fyrir landsliðshópinn.

**Guðmundur Reynir Friðriksson** er á 16. ári og kemur úr Knattspyrnudeild Sindra. Hann var valinn í U-15 ára landslið karla sem keppti við Finnland í september á síðasta ári. Hann var einnig valinn í æfingahóp fyrir U-16 í nóvember s.l. Guðmundur sinnir þjálfun sinni af miklum metnaði og er góður leiðtogi 3. flokks karla ásamt því að vera fyrirmynd fyrir yngri iðkendur.

**Heiðís Elva Stefánsdóttir** er á 16. ári og kemur úr Sunddeild Sindra. Heiðís er eini iðkandinn sem kepptir fyrir hönd sunddeildarinnar. Hún æfir ein í sínum aldursflokki og krefst það mikils aga og mikillar skuldbindigar en hún gefst aldrei upp. Hún hefur sýnt miklar framfarir í vetur og er mjög opin fyrir því að læra og bæta sig. Auk sinnar þjálfunar hefur hún aðstoðað við þjálfun í yngri flokkum og er virkilega góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur.

**Tómas Orri Hjálmarsson** er á 19. ári og kemur úr Körufuknattleiksdeild Sindra. Hann hefur verið með meistaraflokki karla öll þau fjögur ár sem þeir hafa spilað í 1. deild auk þess að spila með



Hópmynd af verðlaunahöfum. Frá vinstri: Halldór Sævar Birgisson, íþróttamaður USÚ 2021, Birgir Leo Halldórsson, Erlendur Björgvinsson, Tómas Orri Hjálmarsson, Anna Lára Grétarsdóttir, Guðmundur Reynir Friðriksson, Heiðís Elva Stefánsdóttir og Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ. (mynd: SÓJ)

yngriflokkum. Hann hefur tekið miklum framförum í vetur og fengið mun stærra hlutverk innan liðsins en síðustu ár. Hann sinnir þjálfun sinni af miklum metnaði og er fyrirmynd fyrir yngri iðkendur. Tómas á bjarta framtíð fyrir sér innan körfuboltans.

### Íþróttamaður USÚ 2021 er Halldór Sævar Birgisson

Halldór Sævar Birgisson átti mjög gott golfár árið 2021 og var í toppsæti á mótarið eldri kyflinga. Hann var valinn í landslið eldri kyflinga sem lék á Evrópumóti 50+ í Slóveníu sem fram fór 31. ágúst – 4 september. Þar stóð sig hann sig með mikilli þrýði og var meðal annars með besta árangur íslensku kyflinganna. Halldór Sævar er fyrirliði golfsveitar Golfklúbbs



Jóhanna Íris Ingólfssdóttir, formaður USÚ og Halldór Sævar Birgisson (mynd: SÓJ) Hornafjarðar og er klúbbum til mikils sóma. Til gamans má geta að hann var fyrstur til þess að hljóta titilinn Íþróttamaður USÚ, árið 1989, eftir því sem núverandi stjórn kemst næst.

## Fjölbreytt og fræðandi störf í hátækni framleiðslu fyrir iðnaðarmenn og iðnnema

Alcoa Fjarðaál býður iðnaðarmönnum fjölbreytt starfstækifæri í dagvinnu eða vaktavinnu. Fyrirtækið getur einnig boðið nokkrum iðnnemum námssamning og starfsþjálfun.

Í hátæknivæddu álveri Alcoa Fjarðaáls vinnur mjög fjölbreytt og öflugur hópur iðnaðarmanna að því að tryggja áreiðanleika búnaðar með bestu viðhaldskerfum sem völ er á. Sérhæft teymi greinir ástand búnaðar, fjögur svæðisbundin teymi sinna skipulögðu viðhaldi í dagvinnu og miðlæg viðhaldsvakt bregst við bilunum allan sólarhringinn. Iðnaðarmenn hjá Fjarðaáli vinna jafnframt mjög náið með framleiðsluteyimum, tækniteyimum og sérfræðingum í áreiðanleika og viðhaldi.

### Hvers vegna að ganga til liðs við okkur?

- Mikil tækifæri eru til starfsþróunar í gegnum þjálfun, menntun og fjölbreytta starfsreynslu.
- Fjarðaál greiðir samkeppnishæf laun og aðbúnaður starfsmanna er til fyrirmyndar.
- Við fáum meðal annars ókeypis akstur til og frá vinnu og frítt fæði í frábæru mötuneyti.
- Öryggi og heilbrigði starfsmanna eru ávallt forgangsmál á vinnustaðnum.
- Við höfum okkar eigin heilsugæslu og aðgang að Velferðarþjónustu Heilsuverndar.
- Við trúum því að samhent teymi ólíkra einstaklinga séu lykillinn að árangri.
- Við erum framsækin í jafnréttismálum og viljum fjölga konum í hópi iðnaðarmanna.

Frekari upplýsingar veitir Elísabet Sveinsdóttir í tölvupósti á netfangið [elisabet.sveinsdottir@alcoa.com](mailto:elisabet.sveinsdottir@alcoa.com) eða í síma **470 7700**. Í samræmi við jafnréttis-stefnu Alcoa Fjarðaáls og lög nr. 150/2020 eru einstaklingar af öllum kynjum hvattir til að sækja um. Hægt er að sækja um störfin á [alcoa.is](http://alcoa.is).

**Umsóknarfrestur er til og með 15. maí.**

Fjarðaál  
alcoa.is



# Sjálfstæðisflokkurinn - XD

D

Sjálfstæðisfélag Austur-Skaftafellssýslu opnaði heimasíðu í lok apríl. Á síðunni er hægt að finna stefnuskrána fyrir kosningarnar 14. maí, kynningu á frambjóðendum okkar ásamt greinum sem hafa verið ritaðar um málefni sveitarfélagsins.

Heimasíðan er [www.xdhornafjordur.is](http://www.xdhornafjordur.is) og við hvetjum alla til að kynna sér efni hennar.

Ungir sjálfstæðismenn ætla að henda í Bar-Svar laugardagskvöldið 7. maí í Sjallanum, Kirkjubraut 3. Húsið opnað kl 20:30 og hefst Quiz-ið kl 21:00. Veitingar í boði og vegleg verðlaun fyrir 1. sætið. 18 ára aldurstakmark

Kosningaskrifstofa flokksins er í Sjallanum, Kirkjubraut 3 og er opin alla virka daga frá 17-19. Frambjóðendur verða á staðnum og er því kjörið tækifæri til að koma og ræða saman um það sem helst brennur á fólki fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.

Young Independents are throwing a Pub-Quiz saturday 7th May in Sjallinn, Kirkjubraut 3, Höfn. The house opens at 20:30 and the quiz starts at 21:00. Refreshments available and grand prize for 1st place. Age limit is 18 years.

The party's election office is located at Kirkjubraut 3 in Höfn and is open monday-friday from 17:00-19:00. Candidates in the elections will be on site and is therefore ideal opportunity to come together and discuss what is most important for people in Hornafjörður community.



**Sveitarfélagið  
Hornafjörður fyrir alla - X við D - 14. maí 2022**

[www.xdhornafjordur.is](http://www.xdhornafjordur.is)